

1860.

9. júlí.

43. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um þóknun handa Jóni presti Hallssyni og Ólafi dannebrogsmanni Jónssyni fyrir póstafrgreiðslu í Skagafjarðar- og Húnavatns sýslum.

Þér hafið, herra amtmaður, með bréfi 20. aprílm. þ. á. sent dómsmálastjórninni bænaraskrá frá Jóni prófasti Hallssyni, presti til Miklabæjar í Skagafjarðarsýslu, og sækir hann um, að fá fyrir það, að hann afgreiðir póstinn þar í sýslu, álíka þóknun á ári hverju og í þessu skyni var veitt formanni hans í brauðinu. — Í þessu efni sè yður það til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar og til auglýsingar, að eptir málavöxtum leyfir dómsmálastjórnin, að Jón prófastur Hallsson fái 6 ríkisdala þóknun á ári fyrir afgreiðslu póstsins í Skagafjarðar sýslu, og með því hann hefir haft starfa þenna á hendi síðan 1. dag ágústmánaðar 1858, má borga honum 10 ríkisdali fyrir tímabilið frá þeim degi, er nú var nefndur, til 31. marzm. þ. á., og síðan 6 ríkisdali á ári, frá 1. aprílm. þ. á.

Einnig hefir dómsmálastjórninni, samkvæmt tillögum yðar í bréfi 25. aprílm. þ. á., eptir því sem ástatt er, þótt ástæða til að veita Ólafi dannebrogsmanni Jónssyni á Sveinstöðum 6 ríkisdala þóknun á ári, frá 1. aprílm. þ. á. fyrir það, að hann hefir á hendi póstafrgreiðsluna í Húnavatns sýslu.

Því skal við bætt, að landfógetanum á Íslandi hefir í dag verið ritað um að greiða fè þetta úr jarðabókarsjóði Íslands, eptir yðar nákvæmari ráðstöfun.

23. júlí.

44. Bréf dómsmálastjórnarinnar til kirkju- og kennslustjórnarinnar, um styrk handa íslenskum læknaefnum.

Kirkju- og kennslustjórnin hefir í bréfi 20. aprílm. þ. á. bent á, að þeir 800 ríkisdalir, sem í fjárlögum fyrir yfirstandandi ár eru til greindir í 1. lið í útgjaldadálki „komm-

1860.

23. júlí.

únítetsins", og veittir eru til styrks handa íslenskum stúdentum, er búa sig undir embættispróf í læknisfræði við Kaupmannahafnar háskóla, aðeins sèu veittir fyrir þetta eina fjárhagsár, eptir því sem fjárlaganefndin hafi tekið fram í álitsskjali sínu um frumvarp til fjárlaganna fyrir árið 1860 (sjá ríkisþingstíðindin frá 11. þingi, 1859, viðbæti B, 113. og 114. dalk) og að það þurfi að minnsta kosti að íhuga ítarlegar læknaskipunarmálið íslenska, áður en afráðið sè, hvort fara skuli fram á, að fè þetta verði veitt á ný: hefir kirkju- og kennslustjórnin skotið því til dómsmálastjórnarinnar að láta íhuga málið svo sem nú var sagt, og beðið um álit hennar og tillögur þar að lútandi svo snemma, að uppástunga um fjárlagatillag þetta geti, ef á þarf að halda, aptur orðið tekin til greina þegar samin verður gjaldaáætlun kommúnítetssjóðsins, sú er tekin verður inn í fjárlagafrumvarpið fyrir árið 1861.

Um leið og dómsmálastjórnin nú á ný sendir með bræfi þessu skjöl þau, er fylgdu bræfi hëðan 9. ágústmánaðar f. á., til þess fjárlaganefndin, ef á þarf að halda, geti notað skjöl þessi, sem eru hin merkilegustu, sem hër eru til, viðvíkjandi læknaskipun á Íslandi, skal þess getið, að dómsmálastjórnin enn verður að vera á því, að vissast og með minnstum kostnaði og þegar á allt er litið með hagfelldustu móti verði bætt úr hinum mikla læknaskorti, sem nú er á Íslandi, ef farið er að á þann hátt, sem vikið er á í bræfi dómsmálastjórnarinnar 9. ágústm. f. á.

Í bræfi þessu, og þó einkum í útdrætti úr þegnlegri skýrslu dómsmálastjórnarinnar 25. maím. f. á., er sendur var með brëfinu, er greinilega skýrt frá hinum ýmislegu uppástungum, sem gjörðar hafa verið um læknaskipun á Íslandi, og sumpart eru komnar frá alþingi og sumpart frá Schleisner, jústizráði, dr. med., yfirlækni í hertogadæminu Sljesvík, sem, eins og kirkju- og kennslustjórninni er kunnugt, öðrum fremur hefir átt kost á að kynna sèr nákvæmlega málefni þetta; með því og ástæður þær, sem hafa hvatt stjórnina til að leitast við að skipa málinu á þann hátt, sem á er vikið í brëfinu, einnig eru til greindar í skýrslunni, þá skal ekki taka hër upp aptur

1860.
23. júlí.

ástæður þessar, heldur skal þess eins getið, að aldrei verður við því búizt að fá nógu marga dugandis lækna á Íslandi, nema því að eins, að það sé haft fyrir mark og mið að koma því svo fyrir, að nóg sé til af innlendum læknaefnum, sem gjöra má ráð fyrir að vildu taka að sér embætti á fósturjörðu sinni, og liggur þetta í eðli hlutarins og einkum því, hve afskekkt Ísland er, hvernig þar er veðráttufar, hvernig þar að öðru leyti hagar til og hve stórt flatamál landsins er í samamburði við íbúafjölda; uppástungur dómsmálastjórnarinnar virðast og að vera mjög vel fallnar til að koma því fram, sem til er ætlazt; því ef stofnuð væru 6 ný læknaembætti á Íslandi, og spítalásjóðunum varið til launa handa þeim, og læknaefnum þannig gefinn kostur á að komast fljótt í héraðslæknaembætti, og ef sérhverjum íslenskum stúðenti, er stundar læknisfræði, væri jafnframt þessu veittur 200 ríkisdala styrkur á ári úr sjóði „kommúnitetsins“ auk þeirra venjulegu hlunninda, sem allir íslenskir stúdentar þegar eru aðnjótandi, þá gæti varla hjá því farið, að það yrði svo aðgengilegt fyrir Íslendinga að stunda læknisfræði hér við háskólann, að vafalaust yrði nóg til af kandiðötum í læknisfræði, er bæði væru hæfir til þess að taka að sér læknaembætti á Íslandi, og fúsir á það.

Sú mótbára hefir komið fram móti því að skipa málinu á þenna hátt, að það ætti of langt í land að gagn yrði að þessu; það skal og viðurkennt, að ekki verður með þessu móti bætt úr þeim læknaskorti, sem nú sem stendur á sér stað á Íslandi, en þó má koma þessari skipun á málið undir eins og fást nógu margir íslenskir kandiðatar í læknisfræði, en það mun bráðum heppnast ef uppástungur dómsmálastjórnarinnar að öllu leyti verða teknar til greina, og að minnsta kosti mun læknaskipunin með þessu mótinu eins fljótt komast í kring, eins og þó farið væri eptir uppástungum alþingis eður Schleisners jústizráðs. Að öðru leyti ber þess að geta, að á landi, þar sem eins er ástatt og á Íslandi, þar er það vitaskuld, að menn verða að takmarka nokkuð kröfur sínar um læknaskipunina, og að ekkert er því til fyrirstöðu, að þegar svo stendur á að það er fært, verði notað leyfi það, sem veitt er í opnu bréfi 23.

ágústm. 1848, til að verja allt að 200 ríkisdöllum á ári úr jafnaðarsjóði hvers umdæmis til kennslu handa aðstoðarlæknum.

1860.
23. júlí.

Dómsmálastjórnin verður því enn að vera á því, að sú uppástunga, sem gjörð er í bréfi hennar 9. ágústm. f. á., se eptir því sem nú er ástatt öflugasta ráðið til þess að fá nóg af duglegum innlendum læknum; og um leið og þess skal getið, að Schleisner, doktor, hefir innilega mælt fram með þessari uppástungu, verður dómsmálastjórnin fyrst og fremst að láta það álit sitt í ljósi, að taka beri til greina þá uppástungu, að öllu leyti eins og hún er; en þyki kirkju- og kennslustjórninni ísjárvert að fallast á hana, þá verður dómsmálastjórnin til vara að álíta það nauðsynlegt, að sami styrkur og veittur er þetta árið, verði og veittur á næsta fjárhagsári, þó það sé vitaskuld, að þetta miklu síður geti komið því til leiðar, að íslenzkir stúdentar leggi stund á læknisfræði, og með þessu móti séu mjög takmarkaðar uppástungur dómsmálastjórnarinnar, er hans hátign konungurinn féllst á.

Dómsmálastjórnin vonast eptir skýrslu um, hvað af verður ráðið í þessu efni, og biður um að fylgiskjölin verði send aptur.

45. Auglýsing frá fjárhagsstjórninni, um innlausn spesíufimmtunga (ríkisorta) eður tuttugu og fjöggra skildinga peninga í dönskum kúranti á Íslandi. 30. júlí.

Eptir að tuttugu og fjöggra skildinga peningar í dönskum kúranti, eður spesíufimmtungar þeir, er áður gengu manna á milli, nú ekki lengur eru gildur gjaldeyrir í hinu danska alríki, samkvæmt tilskipunum þeim, sem í því efni hafa gjörðar verið, hefir hans hátign konunginum, eptir þegnlegri uppástungu alþingis, allramildilegast þóknast að fyrirskipa, að þeim peningum af mynttegund þessari, sem enn kynnu að vera til á Íslandi, skuli veitt viðtaka í jarðabókarsjóð landsins enn eitt ár, upp frá þeim degi, er auglýsing þessi hefir verið birt almenníngi, fyrir það fulla verð, er þeir áður voru í, eður þannig,